

Mánudaginn 21. febrúar 1944.

Nr. 95/1943. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Péttri Guðmundssyni (Einar B. Guðmundsson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefur með akstri sínum gerzt brotlegur við laga-ákvæði þau, sem greind eru í héraðsdómi, svo og við 13. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 og 14. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinanr, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Pétur Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Einars B. Guðmundssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. sept. 1943.

Ár 1943, föstudaginn 10. september, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2103/1943: Valdstjórnin gegn Péttri Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júlí s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Péttri Guðmundssyni framkvæmdastjóra, til heimilis á Sjafnargötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögunum nr. 23 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. febr. 1896, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

- 1929 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar, 150 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaaakstur.
- 1930 $\frac{2}{9}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1931 $2\frac{6}{10}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðareglum.
- 1939 $2\frac{4}{10}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum. Uppækur ágóði, kr. 5.85.
- 1941 $1\frac{7}{10}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum. Uppækur ágóði, kr. 187.00.

Um kvöldið 15. þ. mán. drakk kærði úr einni flösku af portvíni með kunningja sínum heima hjá sér. Höfðu þeir tæmt úr flöskunni um kl. 22. Kunningi kærða kvaddi hann þá, en kærði ætlaði að fara í bifreið sinni, R 2404, til sumarbústaðar síns í Kollafirði. Kærði segir, að er hann hafi gengið út úr húsi sínu, hafi hann fundið til áhrifa áfengis. Þá hafi einhvers konar svimi komið yfir hann, og hafi hann næst munað eftir sér, er hann vaknaði hjá tengdasyni sínum morguninn eftir.

Klukkan 22.10 var lögreglunni tilkynnt, að bifreið hefði verið ekið á ljósastaur við Barónsstíg. Er lögreglan kom á staðinn, kom í ljós, að kærði hafði ekið bifreiðinni R 2404 norður Barónsstíg og ekið þar á ljósastaur við vinstri gangbraut. Hafði ljósastaurinn færzt úr stað um $12\frac{1}{2}$ metra við áreksturinn.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorni, er tekið var úr kærða strax eftir áreksturinn, sýndi, að áfengismagn þess var 2.16 af þúsundi.

Kærður hefur með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 3 9. jan. 1935.

Þá þykja vegsummerki eftir áreksturinn sanna, að kærði hafi brotið 26. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930.

Samkvæmt 39. gr. áfengislaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærða ævilangt leyfi til þess að stjórna bifreið.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Pétur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann er ævilangt sviptur leyfi til að stjórna bifreið.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1944.

Nr. 104/1943. **Karl Þorfinnsson**

(cand. jur. Guttormur Erlendsson)

gegn

Magnúsi V. Jóhannessyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Ágreiningur um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson fulltrúi lögmanns hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. nóv. f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði úr gildi felldur og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í úrskurði fógeta, verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki með vanskilum á greiðslu húsaleigu fyrirgert leigurétti sínum.

Tengdaforeldrar áfrýjanda fluttust á heimili hans 16. febrúar 1942 og hafa búið þar síðan. Hinn 28. júní 1943 kvað fógeti í öðru máli milli aðilja upp úrskurð, sem ekki hefur verið áfrýjað, þess efnis, að vist tengdaforeldranna á heimili áfrýjanda yrði ekki talin varða hann útburði. Dvöl þeirra á heimilinu eftir þann tíma telst ekki heldur eiga að valda brottfalli leigumálans. Í sama úrskurði var framleiga til tveggja nafngreindra manna ekki metin áfrýjanda útburðarsök. Annar þessara framleigutaka fluttist brott í